



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýninganna
Tími Romanovættarinnar í Rússlandi
og
Rússneskir íkonar á Íslandi
Gerðarsafni
15. október 2005**

Góðir sýningargestir

Saga Rússlands hefur löngum heillað okkur Íslendinga. Hún hefur verið framandi fljót, ýmist straumhörð eða lygn, en ávallt sveipuð rammri dulúð.

Við þekkjum þó frásagnir í fornum sögum, lýsingar á siglingum frækinna kappa um fljótin miklu og ferðum um víðerni Garðaríkis, höfuðstöðum sem okkur finnst enn heita íslenskum nöfnum: Hólmgarður, Kænugarður. Við höfum einnig notið skáldverka, ljóða og leikrita frá nýrri tímum sem veitt hafa okkur sýn á rússneska sál, sögu, menningu og heitar tilfinningar þessarar merku þjóðar.

Samt hefur margt verið okkur hulið, þekking okkar á list og kjörgrípum takmörkuð. Keisaratíminn er þeirrar ættar, enda var erfitt að kynnast honum til hlítar á nýliðinni öld– en nú eru breyttir tímar og Romanovættin er komin í heimsókn.

Romanovarnir ríktu í ríflega þrjú hundruð ár og valdatími þeirra var viðburðaríkur, örlög Rússlands og Evrópu ófust saman á margan veg, listir og menning endurspegluðu tíðaranda og tilraunir til nýsköpunar.

Rússland var þá og er enn heimkynni margra þjóða, víðáttan reyndar engu lík og fyrrum héldu hefðir og trú flestu í föstum skorðum.

Keisarar og keisaraynjur létu þá oft til sín taka og ruddu braut nýjum straumum, tóku hið besta úr evrópskri list til fyrirmyndar og gáfu rússneskum snillingum tækifæri til að sýna getu sína, hófu til vegs handverk og listsköpun á mörgum sviðum.

Hornsteinn var lagður að nýrri höfuðborg á bökkum Nevu; hallir, breiðstræti, vegleg hús og glæsileiki urðu tákn hins nýja Rússlands. Borg listarinnar kennd við Pétur kallaðist á við Moskvu sem áður fyrr hafði verið höfuðborg valdsins.

Hallir Pétursborgar urðu leiksvið nýrra tíma, skrautsýningarnar sómdu sér vel og byggingarnar fylltust af listaverkum. Romanovarnir töldu sér ætíð til tekna að vera verndarar listsköpunar og mátu árangurinn iðulega í ljósi framfara á því sviði.

Sumarhallirnar í Tsarskoje Selo voru eftirlæti keisaranna og einvalalið arkitekta, myndhöggvara, handverksmanna og listmálara gerði þær að fjársjóði á heimsvísu.

Í byrjun síðustu aldar þegar Romanovarnir höfðu ríkt í þrjár aldir var þar orðin miðstöð alls sem einhverju skipti innan vébanda Rússlands og orðstír fegurðar og lista sem þar gat að líta fór víða um álfur.

Og nú er Tsarskoje Selo komin hingað. Ríkisminjasafnið ákvað að spara okkur sporin og breytir Gerðarsafni í rússneska höll. Andi keisaranna leikur um sali og arfurinn kallast á við fjöllin í fjarska.

Sýning á málverkum, grafík, íkonum, höggmyndum, postulíni, búningum, vefnaði og hversdagshlutum frá valdaskeiði keisaranna sem kenndir eru við Romanov er vissulega merkur viðburður í menningarlífi okkar Íslendinga og við metum mikils vináttuna sem Rússar sýna okkur með þessari heimsókn. Hún er í anda fyrirheitanna sem forseti Rússlands gaf í viðræðum okkar fyrir fáeinum árum, loforða um að gefa Íslendingum kost á að kynnst öndvegisverkum úr menningu Rússa, auka skilning okkar á örlögum þeirra með því að láta listina tala.

Samstarf Gerðarsafns og Tsarskoje Selo hefur fært okkur einstæðan viðburð, sýningu sem markar þáttaskil – aldrei fyrr höfum við á heimavelli fengið viðlíka innsýn í söguskeið annarrar þjóðar.

Í ábæti er svo sérstök sýning á rússneskum íkonum; fimm tugir frá fjórum öldum, vitnisburður um tilbeiðslu og trú sem bjó í hjörtum fólksins.

Ég færi öllum sem hér hafa komið að góðu verki einlægar þakkir og veit að sýningargestir munu lengi minnst veislunnar sem samvinna safnanna hefur skapað.

Með þeim orðum óska ég Kópavogi til hamingju með rússneska menningarhátíð, þakka stórhug sem í því frumkvæði felst og lýsi yfir að sýningarnar „Tími Romanovættarinnar í Rússlandi“ og „Rússneskir íkonar á Íslandi“ eru hér með opnaðar.

